

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 9/2007

Kæra Aðalstöðvarinnar á ákvörðun Neytendastofu 12. júlí 2007 [nr. 16/2007](#).

1. Þann 7. nóvember 2007 er tekið fyrir málið nr. 9/2007: Kæra Aðalstöðvarinnar á ákvörðun Neytendastofu 12. júlí sama árs nr. 16/2007. Í málinu úrskurða Ása Ólafsdóttir, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 25. júlí 2007, hefur Aðalstöðin kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu, dags. 25. apríl sama árs, um að Aðalstöðinni hafi með notkun firmanafnsins Aðalstöðin og með bréfi til viðskiptavina og auglýsingum brotið gegn ákvæðum 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 og að félaginu væri með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 óheimilt að nota firmanafnið Aðalstöðin. Þá var þess jafnframt krafist til bráðabirgða að áfrýjunarnefnd neytendamála kvæði upp úrskurð um að kærán frestaði réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar, en frá þeirri kröfu féll kærandi síðar í bréfi til áfrýjunarnefndarinnar dags. 28. ágúst 2007.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

MÁLAVEXTIR

4. Með erindi Leigubílastöðvarinnar 5678910 Aðalbíla-BSH-NL og BSH Leigubíla dags. 30. apríl 2007, til Neytendastofu var kvartað yfir skráningu og notkun á firmaheitinu Aðalstöðin-BSH. Fram kom að með samningi dags. 5. mars 2007, sem tók gildi þann 1. mars 2007, var gerður kaupsamningur milli Ný-ungar og Nýju leigubílastöðvarinnar f.h. Leigubílastöðvarinnar 5678910 Aðalbíla-BSH-NL og BSH Leigubíla um kaup á öllum eigum Ný-ungar tengdum leigubíla rekstri. Fram kemur í erindinu að þann 16. mars 2007 hafi meirihluti leigubifreiðastjóra á Aðalbílum og BSH sagt upp stöðvarplássum sínum á leigubifreiðastöðvunum og stofnað nýtt einkahlutafélag utan um rekstur leigubifreiðastöðvar og skráð það undir nafninu Aðalstöðin-BSH. Var á því byggt af kæranda að notkun og skráning leigubifreiðastjóranna sem áður óku undir nöfnum Aðalstöðvarinnar og BSH á fyrrgreindu firmanafni bryti í bága við góða viðskiptahætti eins og þeir væru tíðkaðir í atvinnustarfsemi og fælu í sér brot gegn 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Var þess krafist að Aðalstöðinni-BSH væri gert að láta af notkun firmanafnsins og vörumerkisins og að félagið yrði beitt viðurlögum.
5. Í bréfi umboðsmanns Leigubílastöðvarinnar 5678910 Aðalbíla-BSH-NL og BSH Leigubíla til Neytendastofu er tekið fram að með bréfi dags. 16. mars 2007 hafi meirihluti leigubifreiðastjóra félaganna sagt upp stöðvarplássum sínum og að um samræmdar aðgerðir hafi verið að ræða og

hafi þeir ekki virt ákvæði um uppsagnarfrest. Þá hafi þeir stofnað einkahlutafélag utan um rekstur stöðvarinnar, Aðalstöðin-BSH. Í bréfi umboðsmanns Aðalstöðvarinnar BSH dags. 10. maí 2007 var tekið fram að félagið hefði verið skráð í hlutafélagaskrá án athugasemda og að ekki verði séð að nein ruglingshætta væri milli félaganna. Var í bréfi umboðsmannsins bent á að 84 félög á Íslandi byrjuðu á orðinu „nýja“ og 102 félög hefðu orðið í nafni sínu. Þá hefðu 620 félög í nafni sínu orðið „bygging“ og 913 félög á Íslandi orðið „bíla“ í nafni sínu. Síðar hefði félagið Aðalstöðin-BSH felld „BSH“ úr nafni sínu og notaði það nú firmaheitið „Aðalstöðin“.

6. Í bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 2. júlí 2007, var tekið fram um fyrirspurn um svokallað „vængjað A“, að á árinu 1948 hafi verið stofnuð leigubílastöð í Keflavík undir nafninu Aðalstöðin. Félagið hafi rekið leigubílastöð og smurstöð í Keflavík óslitið til ársins 2003, en Olíufélagið Essó hafi keypt félagið á árunum 2000 eða 2001. Leigubílastöðin hafi verið lögð niður og félagið sameinað Keri hf., en merki félagsins hafi verið vængjað A. Bifreiðastjórafélagið Fylkir hafi tekið merkið, „vængjað A“ í notkun á öllum nótum og gögnum félagsins frá árinu 1960 og hefi notað merkið nær óslitið síðan. Þeir bílstjórar sem hafi ekið fyrir Aðalstöðina þegar félagið var lagt niður hafi gengið á fund Ný-ungar og samið við félagið að reka fyrir sig afgreiðslu fyrir leigubíla. Bílstjórnarnir hafi komið með símanúmer gömlu Aðalstöðvarinnar auk þess sem Bifreiðastjórafélagið Fylkir hafi heimilað þeim notkun á merkinu. Þjónustan sem þannig hafi verið veitt hafi verið undir nafninu og vörumerkinu Aðalbílar, þótt ekkert félag með því nafni hafi verið til með því nafni.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

7. Hinn 12. júlí 2007 tók Neytendastofa þá ákvörðun að Aðalstöðin hefði með notkun firmanafnsins Aðalstöðin með bréfi til viðskiptavina og auglýsingum brotið gegn ákvæðum 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Þá var Aðalstöðinni jafnframt bannað að nota firmanafnið Aðalstöðin með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005.
8. Í ákvörðuninni kemur fram að Aðalstöðin sé skráð firmanafn fyrirtækisins í fyrirtækjaskrá frá júní 2007. Firmanafnið Aðalbílar sé ekki skráð í fyrirtækjaskrá en frá árinu 2003 hafi leigubifreiðastöðin Aðalbílar verið starfrækt og hafi félagið notað nafnið frá upphafi. Við mat þess hvort ruglingshætta væri á milli fyrirtækjanna samkvæmt 2. málslíð 12. gr. laga nr. 57/2005 var litið til þess að Aðalstöðin og Aðalbílar væru leigubifreiðastöðvar og í sama rekstri. Firmanöfnin væru áþekk en of ólík til þess að hætta væri á að neytendur rugluðust á þeim auk þess sem um almenn heiti væri að ræða. Þrátt fyrir það hefðu verið nefnd dæmi þess í gögnum málsins að Aðalstöðin hefði notað nafn fyrirtækisins á þann hátt að leitt gæti til þess að villst væri á því og Aðalbílum. Þannig hefði Aðalstöðin notað auðkenni Aðalbíla í framrúðumerkingum leigubifreiða og í auglýsingum fyrirtækisins auk þess sem auglýsingar fyrirtækjanna væru nánast eins. Að auki taldi Neytendastofa að heitið Aðalstöðin gæfi til kynna að tengsl væru við félagið Aðalbíla sem tók við rekstri leigubílastöðvar af Aðalstöðinni, sem hafi verið leigubifreiðastöð í Keflavík áratugum saman. Því hafi verið sú hætta fyrir hendi að neytendur hefðu ætlað að um samstarf félaganna væri að ræða. Með því að velja félaginu nafnið Aðalstöðin hafi verið ætlun

Aðalstöðvarinnar að nýta sér viðskiptavild Aðalbíla og þannig hafa árif á eftirspurn eftir þjónustu félagsins. Því leiddi firmanafnið Aðalstöðin til þess að villst yrði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti, þ.e. Aðalbílar og bryti því í bága við 12. gr. laga nr. 57/2005.

9. Þá kom fram í ákvörðuninni að Aðalstöðin hefði sent viðskiptavinum BSH greiðsluseðla vegna aksturs á vegum BSH í nafni Aðalstöðvarinnar-BSH og hafi fylgt með nafn og dreifibréf hins nýja fyrirtækis, þar sem gefið hefði verið í skyn að Aðalstöðin-BSH væri í reynd nýtt heiti BSH. Í bréfinu hafi verið vísað til fyrra samstarfs og tekið fram að Aðalstöðin vildi áfram eiga gott samstarf við viðskiptavinum sína. Þá hafi Aðalstöðin einnig birt auglýsingar sem sýndu „vængjað A“ á gulum grunni auk símanúmers og væru þær svo líkar auglýsingum Aðalbíla að erfitt væri fyrir neytanda að greina þar á milli. Var það niðurstaða Neytendastofu að með þessu hefði verið brotnar reglur 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005.
10. Kröfu um bann við notkun vörumerkisins var hins vegar vísað frá Neytendastofu þar sem Einkaleyfastofa hefði til meðferðar umsókn um skráningu vörumerkisins, en úrskurður Einkaleyfastofu lá ekki fyrir.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

11. Í kæru, dags. 25. júlí 2007, krefst kærandi þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
12. Kærandi byggir á því að ákvörðun Neytendastofu sé í fullkomnu ósamræmi við þá grunnreglu auðkennaréttar að enginn geti öðlast einkaréttindi til opinberrar notkunar á algengum íslenskum orðum eða orðasamböndum. Þá geti lögaðili ekki eignast óbein eignarréttindi til orðasambands. Leigubílastöðin 5678910 Aðalbílar-BSH-NL og BSH leigubílar ættu engin þau réttindi til orðsins Aðalstöðin sem veitti þeim afskiptarétt af notkun kæranda á því heiti, auk þess sem niðurstaðan bryti gegn tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 11. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 og atvinnuréttarákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 13. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995.
13. Þá hefði Neytendastofu skort bægni til þess að taka kvörtun Leigubílastöðvarinnar 5678910 Aðalbílar-BSH-NL og BSH leigubíla til efnislegrar meðferðar, þar sem með henni væri kæranda bannað að nota tiltekið firmanafn. Öllum einkahlutafélögum væri skylt að hafa „ehf.“ í nafni sínu, en að öðru leyti færi um heiti félaganna eftir ákvæðum firmalaga. Þannig væri í 2. mgr. 10. gr. firmalaga nr. 42/1903 regla sem fæli í sér að ef nöfn firmu væru skráð á einum stað skyldi greina þau glögg frá hvort öðru. Hlutafélagaskrá hefði það lögbundna hlutverk að kanna hvort fylgt væri reglum laga nr. 138/1994 og bæri henni því við stofnun einkahlutafélags að leggja mat á hvort firmalög hafi verið brotin við nafngift nýstofnaðs einkahlutafélags. Ef ruglingshætta er fyrir hendi synji hún um skráningu einkahlutafélagsins, sbr. 1. mgr. 124. gr. og 6. mgr. 1. gr. laga nr. 138/1994. Þar sem Aðalstöðin hafi fengið skráningu hafi Hlutafélagaskrá lagt á það lögfræðilegt mat að ekki væri fyrir hendi ruglingshætta á því nafni og heiti annarra skráðra einkahlutafélaga. Þar með hefði Neytendastofa með ákvörðun sinni sem stjórnvald endurskoðað

ákvörðun hliðsetts stjórnvalds og þegar af þeirri ástæðu bæri að hafna kröfu Leigubílastöðvarinnar 5678910 Aðalbílar-BSH-NL og BSH leigubíla.

14. Kærandi byggir á því að enginn hafi eignað sér nafnið „Aðalstöðin“. Því til stuðnings vísar hann til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 3. desember 2003 þar sem deilt var um firmaheitin Eignamiðlun og Garðatorg, þar sem kröfu Eignamiðlunar um bann við notkun á orðinu „eignamiðlun“ var hafnað þar sem gögn þess máls sýndu fram á að fyrirtækið hefði notað bæði orðin í þessu skyni og orðið Garðatorg komið á undan og verið meira áberandi. Síðara orðið, þ.e. „eignamiðlun“ væri hins vegar almenns eðlis og fæli á sér lýsingu á þeirri starfsemi sem þar færi fram. Þá sé það heildarmynd vörumerkja sem ræður úrslitum þegar metin er ruglingshætta í vörumerkjarétti, en slík ruglingshætta sé ekki fyrir hendi með firmaheitum aðila. Heildarmynd þeirra, hvort heldur sjón- eða hljóðlíking væri gerólík, auk þess sem upphaf þeirra sé ólíkt eins og ráða mætti af dómi Hæstaréttar frá árinu 2001 á blaðsíðu 4175 í dómasafni þess árs.
15. Í hinni kærðu ákvörðun sé jafnframt fallist á að „Aðalstöðin“ og „Aðalbílar“ séu áþekk, en þau séu of ólík til þess að hætta sé á að neytendur ruglist á fyrirtækjunum auk þess sem um almenn orð sé að ræða. Þá sé það rangt sem fram komi í hinni kærðu ákvörðun að tengsl séu við fyrirtækið Aðalbíla sem tók við rekstri leigubifreiðastöðvar af Aðalstöðinni, sem var leigubifreiðastöð í Keflavík áratugum saman. Auk þess hafi Aðalbílar ekki verið leigubifreiðastöð þegar Aðalstöðin tók til starfa samkvæmt vottorðum Vegagerðarinnar sem annaðist um útgáfu leyfa. Kærandi hafnar því jafnframt að hann hafi notað auðkenni í eigu Leigubílastöðvarinnar 5678910 Aðalbílar-BSH-NL og BSH leigubíla í framrúðumerkingum leigubifreiða og í auglýsingum sínum. Ef um er að ræða svokallað „vængjað A“ hafi niðurstaða Neytendastofu verið röng, þar sem það merki sé í eigu Bifreiðastjórufélagsins Fylkis sem hafi hannað það og leyft félagsmönnum að nota það. Aðalstöðin hafi nú sótt um skráningu á því í ELS tíðindum nr. 878/2007.
16. Því er mótmælt af kæranda að í bréfi sem sent var viðskiptamönnum einstakra leigubifreiðastjóra sem ákváðu sjálfir að ganga til liðs við Aðalstöðina hafi verið gefið í skyn að Aðalstöðin-BSH væri nýtt heiti á BSH. Í bréfinu hafi ekki verið vikið að stöðu BSH og ekki hafi komið þar fram fullyrðingar um að stöðin hefði lagt niður starfsemi. Hafa beri í huga að það eru leigubifreiðastjórnir sjálfir sem mynda stöðina, og eru þeir sjálfstætt starfandi eins og komist hafi verið að í ákvörðun samkeppnisstofnunar nr. 28/2007 og hafi bréfið því verið sent af einstökum leigubifreiðastjórum.
17. Með bréfi, dags. 27. júlí 2007, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Greinargerð Neytendastofu barst nefndinni með bréfi, dags. 9. ágúst 2007. Krefst Neytendastofa þess að ákvörðun stofnunarinnar nr. 16/2007 verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Fram kemur að Neytendastofa telji að í 12. gr. laga nr. 57/2005 felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og að í henni felist tvær efnisreglur. Fyrri málsliður greinarinnar hafi að geyma almennt bann við notkun auðkennis, t.d. vörumerki eða firmanafn sem annar á. Í seinni málsliðnum er rétturinn til að nota auðkennið takmarkaður á þann hátt að óheimilt er að nota auðkennið þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni

sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Neytendastofu og afrýjunarnefnd neytendamála sé falið að lögum að meta hvort auðkenni valdi ruglingi og brjóti gegn 2. málslíð 12. gr. laga nr. 57/2005. Við mat á því sé kannað hvort notkun auðkennis veiti upplýsingar sem valdi ruglingi hjá neytendum, gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða leiði til þess að villst verði á fyrirtækjum. Aðalstöðin hafi skráð firmaheiti sitt í fyrirtækjaskrá frá júní 2007 en firmanafnið Aðalbílar sé ekki skráð í fyrirtækjaskrá. Hins vegar hafi leigubifreiðastöðin Aðalbílar verið starfrækt frá árinu 2003 með því nafni og því hafi félagið öðlast rétt til nafnsins. Báðir aðilar hafi því rétt til auðkenna sinna í skilningi 2. málslíðar 12. gr. laganna.

18. Þótt ekki hafi verið tekin til umfjöllunar réttarstaða aðila til notkunar vörumerkisins „vængjaðs A“ væri notkun áfrýjanda á sama auðkenni og Aðalbílar nota ásamt firmanafninu Aðalstöðin dæmi um villandi notkun áfrýjanda sem leiðir til ruglingshættu milli félaganna sbr. 12. gr. laga nr. 57/2005 auk þess sem notkun þess í auglýsingum sem væru svo líkar auglýsingum Aðalbíla að erfitt væri fyrir neytendur að greina þar á milli væru líka villandi í skilningi 6. gr. laga nr. 57/2005. Þá hafi með dreifibréfi sem sent var viðskiptavinum BSH í nafni Aðalstöðvarinnar-BSH verið reynt að tengja viðskiptavild Aðalbíla og BSH við Aðalstöðina. Sú viðskiptaaðferð hafi farið í bága við góða viðskiptahætti og verið ósanngjörn í skilningi 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005.
19. Með bréfi, dags. 15. ágúst 2007, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn Neytendastofu. Athugasemdir kæranda bárust með bréfi, dags. 28. sama mánaðar. Þar segir að Neytendastofu beri að fara eftir meðalhófsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og beri því að taka ekki íþyngjandi ákvarðanir umfram þörf. Því gæti Neytendastofa ekki bannað kæranda alfarið að nota firmanafnið Aðalstöðin. Öðru máli gæti gegn um einhverja tiltekna notkun firmaheitisins Aðalstöðin, en þar sem málið hafi ekki verið rannsakað til hlítar eftir 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 komi slíkt ekki til álita. Fyrir liggir að starfsemi undir hinu óskráða félagi Aðalbílar hafi hafist árið 2003 af félaginu Ný-ung. Hjá félaginu hafi starfað þeir leigubifreiðastjórar sem síðan hafi nær allir farið yfir til Aðalstöðvarinnar. Ný-ung hafi því brostið heimild til þess að selja nafnið án samráðs við leigubifreiðastjórana sem áður höfðu notað nafnið Aðalbílar. Því sé það beinlínis rangt hjá Neytendastofu að halda því fram að einungis einn aðili hafi öðlast rétt til notkunar þess en ekki hinir, því fyrir liggir að sérhver leigubifreiðastjóri teljist fyrirtæki í skilningi samkeppnisréttar. Þá hafi leyfishafar áður greitt sjálfir fyrir sínar auglýsingar, að öllu leyti eftir árið 2005. Því hafi það verið byggt á misskilningi hjá Neytendastofu að banna kæranda að nota auglýsingar og gluggamerkingar sem eru líkar þeim sem leigubílstjórnarnir notuðu áður til að auglýsa starfsemi sína og greiddu sjálfir fyrir.
20. Með bréfi, dags. 19. september 2007, var kærða gefinn kostur á að gera athugasemdir við kærðu og athugasemdir umboðsmanns kæranda sem og umsögn Neytendastofu. Athugasemdir kærðu bárust með bréfi, dags. 27. september 2007. Þar kemur fram að Aðalstöðin hafi verið lögð niður 2001 og hafi leigubílahluti hennar orðið að Aðalbílum. Síðar hafi smurstöð verið stofnuð undir nafninu Aðalstöðin á árinu 2002 og síðar hætt rekstri árið 2006, en engar athugasemdir hafi verið gerðar við notkun nafnsins þar sem um ótengdan rekstur var að ræða. Þá telur kærði að markmið hins nýja félags hafi verið að skapa rugling milli viðskiptavina félaganna, enda noti það „BSH“ í auglýsingum og kvittunum, það noti merki Aðalbíla, það noti firmanafnið Aðalstöðin sem hafi

verið eldra nafn Aðalbíla, það hafi sent út kynningarefni til viðskiptavina kærða og kynnt sig sem „sama fyrirtækið“ með nýtt símanúmer. Félagið hafi alltaf notað „vængjað A“ til auðkenningar á rekstri félagsins og að kæranda hafi verið það ljóst. Þá skipti ekki máli hvort leigubílstjórar séu sjálfstætt fyrirtæki eða ekki, því málið varði notkun tiltekinnar leigubílastöðvar á merkinu Aðalstöðin. Ekki þurfi annað en að skoða auglýsingaefni, kvittanir, stöðvamerki og staðreyndir málsins til að sjá að staðfesta beri niðurstöðu Neytendastofu um að Aðalstöðin hafi brotið gegn 5., 6. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með órettmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

NIÐURSTAÐA

21. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála verður ekki á það fallist með kæranda að málið hafi ekki verið nægilega upplýst. Af þessu leiðir að ekki verður fallist á það með kæranda að með ákvörðun Neytendastofu hafi verið brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Samkvæmt gögnum málsins var Aðalstöðin skráð í fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands í júní 2007 og hefur umboðsmaður félagsins upplýst að félagið stundi leigubílaakstur. Með hinni kærði ákvörðun bannaði Neytendastofa sem fyrr segir kæranda að nota umrætt firmanafn með vísan til þess að notkun þess væri andstæð 2. málslíð 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með órettmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og þá var talið að auglýsingar kæranda og markaðssetning bryti gegn 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005.
22. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005 er óheimilt að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Í 2. málslíð 12. gr. sömu laga er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Er bannið frábrugðið banni því sem felst í 1. málslíð sömu lagagreinar, sem bannar notkun á firmanafni í eigu annars aðila, að því leyti að sá sem notar auðkennið á tilkall til þess. Að lögum er Neytendastofu og áfrýjunarnefnd neytendamála falið mat á því hvort framangreind ákvæði hafi verið brotin, en framangreind lagaákvæði eru til fyllingar vörumerkjarétti.
23. Í máli þessu háttar svo til að firmanöfnin eru annars vegar „Aðalstöðin“ og hins vegar „Aðalbílar“. Í máli þessu verður því að taka afstöðu til þess hvort kærandi hafi notað firmanafn sitt, „Aðalstöðin“, á þann hátt að leitt gæti til þess að villst yrði á því og firmanafninur „Aðalbílar“. Í því sambandi kemur einnig til skoðunar með hvaða hætti kærandi notar firmanafn sitt við markaðssetningu þjónustu sinnar. Við mat þess hvort auðkenni, sem viðkomandi á tilkall til, sé notað á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og einkenni annars aðila hefur við mat á ruglingshættu milli tveggja firmanafna meðal annars verið litið til þess hvort fyrirtæki starfa á sama markaði og hvort þau beina vöru eða þjónustu að sama markhópi. Þannig hafnaði Hæstiréttur Danmerkur því í dómi, sem er birtur í UfR 1987, 653/2H, að hætta væri á ruglingi milli firmanafnanna Aktiv Invest og Aktiv Investering enda þótt bæði fyrirtækin störfuðu á fjármálamarkaði. Úrslitum réði að fyrirtækin buðu upp á ólíka þjónustu og að markhópar þeirra voru ekki hinir sömu. Var ruglingshætta milli firmanafnanna talin svo fjarlæg að ekki væri um að

ræða brot gegn ákvæði í þágildandi dönskum lögum sem er hliðstætt 12. gr. laga nr. 57/2005. Þá hefur verið litið til þess að hverjum þjónustan beinist, eins og í dómi Hæstaréttar frá árinu 2001, á bls. 4175 í dómasafni þess árs, þar sem við mat á ruglingshættu var tekið tillit til markaðssetningar vöru og þess hvort neytendur hefðu val um hvora vöruna þeir kysu.

24. Af gögnum málsins verður ráðið að báðir aðilar nota firmanafn sitt til að markaðssetja leigubílaþjónustu á svipuðu markaðssvæði. Af gögnum málsins má einnig ráða að notkun kæranda á firmanafni sínu hafi getað leitt til þess að almennir neytendur hafi í einhverjum tilvikum leitað til Aðalstöðvarinnar í stað Aðalbíla. Nægilega er fram komið að kærandi hafi notað firmanafn sitt á þann hátt að leitt geti til þess að villst yrði á því og firmanafninu Aðalbílar, enda ljóst af dreifibréfi sem sent var fyrrum viðskiptavinum að því var beint meðal annars að viðskiptavinum Aðalbíla. Samkvæmt því liggur fyrir að kærandi hafi brotið gegn 2. málslíð 12. gr. laga nr. 57/2005.
25. Í 6. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, eða að beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama varki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lögin taka til. Þá mega auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað sé í þeim til óviðkomandi mála.
26. Fallast verður á það mat Neytendastofu að Aðalstöðin hafi með auglýsingum og dreifibréfi reynt að tengja viðskiptavild Aðalbíla og BSH við Aðalstöðina. Af þessu leiðir að viðskiptaaðferð Aðalstöðvarinnar brýtur gegn góðum viðskiptaháttum og er ósanngjörn gagnvart keppinautum félagsins á sama markaði, Aðalbílum og BSH. Er því niðurstaða Neytendastofu staðfest um að með notkun firmanafnsins Aðalstöðin með bréfi til viðskiptavina og auglýsingum brotið gegn ákvæðum 5., 6. gr. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Ása Ólafsdóttir

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson